

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2016.

Efni: **Umsögn ÖBÍ við frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks). Þingskjal 144 — 144. mál.**

ÖBÍ telur frumvarpið vera til bóta og fela í sér nauðsynlegar breytingar, sérstaklega í ljósi þess að miklar tafir hafa orðið á lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði tilvísun til fötlunar inn í upptalningar á þeim atriðum sem almennt teljast ómálefnaleg. Atriði sem teljast ómálefnaleg eru þau sem almennt ekki má byggja ákvarðanir á og ekki nota sem grundvöll mismununar. ÖBÍ telur mjög mikilvægt að „fötlun“ verði bætt inn í slíkar upptalningar enda er fötlun í dag oft grundvöllur mismununar, bæði beinnar og óbeinnar.

ÖBÍ tekur undir tillögurnar eins og þær liggja fyrir. Auk þess er bent á að mögulega mætti bæta „fötlun“ inn í upptalninguna í a-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla. Það ákvæði er sambærilegt við ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlaga sem lagt er til að verði breytt með frumvarpinu. Bæði ákvæðin eiga að koma í veg fyrir útbreiðslu haturs á grundvelli tiltekinna atriða, þ.e. kynþáttar, kynferðis, trúarbragða o.s.frv. Breytingartillagan gæti orðast með eftirfarandi hætti:

**Breyting á lögum um fjölmiðla, nr. 19/1940, með síðari breytingum:**  
Á eftir orðinu „kynþáttar“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. kemur: fötlunar.

Auk framangreinds verður að benda á að mesta jafnréttið og afnám mismununar yrði náð með því að bæta „fötlun“ inn í upptalningu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. ÖBÍ er meðvitað um að slík breyting er viðurhlutameiri en hefðbundin lagabreyting en þar sem endurskoðun stjórnarskrárinnar stendur nú fyrir dyrum er nefndinni bent á að framangreind breyting væri þörf og myndi væntanlega ekki valda neinum deilum.

Að lokum er bent á mikilvægi þess að lögfesta sem fyrst Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllt



Ellen Calmon, formaður ÖBÍ